

## SKÝRSLA STARFSKJARANEFNDAR NOVA KLÚBBSINS HF. STARFSÁRIÐ 2023-2024

### Tilgangur:

Tilgangur starfskjaranefndar er að vera stjórn til aðstoðar og gera störf hennar skilvirkari, með því að fjalla nánar, og í smærri hóp, um starfskjör stjórnarmanna og æðstu stjórnenda félagsins og dótturfélaga.

### Umboð:

Hluthafar setja félaginu starfskjarastefnu sem kemur til afgreiðslu á aðalfundi ár hvert. Starfskjaranefnd Nova Klúbbsins hf. starfar í umboði stjórnar. Stjórn setur nefndinni starfsreglur og ber ábyrgð á störfum hennar.

### Skipan:

Á hluthafafundi þann 29. apríl 2023 fór fram stjórnarkjör í Nova Klúbbum hf. Á stjórnarfundi 2. maí 2023 samþykkti nýkjörin stjórn að Sigríður Olgeirsdóttir og Hrund Rudolfsdóttir tækju sæti í starfskjaranefnd og að Hrund yrði formaður nefndarinnar. Starfskjör nefndarinnar fara eftir ákvörðun aðalfundar 2023. Regluvörður félagsins var nefndinni innan handar um skipulag vinnu hennar og ritaði fundargerðir.

### Hlutverk og ábyrgðarsvið:

Helstu verkefni nefndarinnar eru að undirbúa tillögur stjórnar til aðalfundar Nova Klúbbsins hf. um starfskjarastefnu og stjórnarlaun, gefa álit á tillögu um hvatakerfi, hafa eftirlit með starfs- og launakjörum forstjóra og framkvæmdastjórnar og því að starfskjör séu almennt gagnsæ, samkeppnishæf og í samræmi við starfskjarastefnu félagsins hverju sinni.

### Starfsreglur:

Stjórn Nova Klúbbsins hf. samþykkti starfsreglur nefndarinnar þann 2. maí 2023. Þar er nánar kveðið á um hlutverk nefndarinnar, skipan hennar og samsetningu, fyrirkomulag funda, heimildir, aðgang að gögnum og trúnaðarskyldu.

### Starfsáætlun:

Starfskjaranefnd starfaði eftir starfsáætlun sem samþykkt var á fundi nefndarinnar þann 10. október 2023. Starfsáætluninni er ætlað að aðstoða nefndina við að skipuleggja vinnu sína með það að markmiði að hún sinni hlutverki sínu í samræmi við starfsreglur og góða stjórnarhætti. Starfsáætlunin er leiðbeinandi en ekki tæmandi og er fyrst og fremst ætlað að styðja við faglegt starf nefndarinnar.

### Helstu verkefni ársins:

Til að rækja hlutverk sitt hélt nefndin tíu fundi á starfsárinu.

Helstu verkefni nefndarinnar voru eftirfarandi:

- Að vinna tillögu að hvatakerfi vegna 2024
- Að vinna tillögu að kjörum stjórnar- og nefndarmanna fyrir næsta starfsár
- Að vinna tillögu að starfskjarastefnu félagsins
- Að yfirfara ráðningarskilmála forstjóra og framkvæmdastjóra
- Að endurskoða kjör forstjóra og framkvæmdastjóra

- Að yfirfara jafnlaunastefnu félagsins og jafnlaunakerfi
- Að rýna útreikninga vegna útgreiðslna á grundvelli hvatakerfis vegna 2023
- Arftakaáætlun og stjórnendamat er á áætlun nefndarinnar á vormánuðum

#### **Viðmið vegna hvatagreiðslna fyrir fjárhagsárið 2024:**

Markmið hvatakerfis ársins 2024 lúta að þremur þáttum í rekstri félagsins; fjárhagslegri niðurstöðu, fjölgun viðskiptavina og ánægju viðskiptavina.

Hámarks möguleg greiðsla miðað við að öll markmið náist getur í tilviki forstjóra og framkvæmdastjóra numið að hámarki fimmföldum mánaðarlaunum (grunnlaunum) og í tilviki annarra þátttakenda í hvatakerfinu að hámarki tvöföldum mánaðarlaunum (grunnlaunum).

Nefndin kannaði einnig möguleika á langtíma hvatakerfi og mun kanna möguleika á slíku áfram á næsta starfsári.

#### **Annað:**

Engir sérstakir annmarkar komu fram við störf nefndarinnar á starfsárinu. Hún hafði eðlilegan aðgang að gögnum og átti í góðu samstarfi við stjórn, forstjóra og aðra stjórnendur.

Við teljum að við höfum rækt þær skyldur sem á okkur eru lagðar af hluthöfum og stjórn og með því stutt við markmið í starfskjarastefnu félagsins um að styðja við framtíðarsýn félagsins um áframhaldandi sókn þar sem gildi þess eru höfð að leiðarljósi.

Samþykkt af starfskjaranefnd Nova Klúbbsins hf. 27. febrúar 2024